

Þriðjudaginn 10. október 1989.

Nr. 371/1989. **Ákærvaldið**

gegen

**Björgólfi Guðmundssyni,  
Ragnari Kjartanssyni,  
Páli Braga Kristjónssyni,  
Árna Árnasyni,  
Sigurþóri Charles Guðmundssyni,  
Þórði Hafsteini Hilmarssyni,  
Helga Magnússyni,  
Halldóri Ágústi Guðbjarnasyni,  
Lárusi Jónssyni,  
Ólafi Helgasyni,  
Axel Kristjánssyni,  
Inga Randveri Jóhannssyni,  
Valdimar Indriðasyni,  
Arnbirni Kristinssyni,  
Garðari Sigurðssyni,  
Kristmanni Karlssyni og  
Jóhanni Sigurði Einvarðssyni.**

Kærumál. Opinbert mál. Réttarneitun.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Þór Vilhjálmsson.

Sakadómararnir Sverrir Einarsson dómsformaður, Arngrímur Ísberg og Ingibjörg Benediktsdóttir tóku hina kærðu ákvörðun.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur 25. september sl. lýsti lögmaður kærands Ragnars Kjartanssonar yfir því, að hann kærði til Hæstaréttar ákvörðun sakadóms, sem gerð var í sama þinghaldi, þess efnis, að ekki skuli lögð fram svokölluð upplýsingaskýrsla um rannsóknar- og ákærumeðferð Hafskipsmálsins. Kvað lögmaðurinn kærana reista á 10. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974. Lögmaðurinn hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hin kærða ákvörðun sakadóms verði felld úr gildi og heimilað verði að

leggja fram upplýsingaskýrsluna í dóminum við meðferð málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Á dómþingi sakadóms 25. september var einnig lýst kæru af hálfu Björgólfs Guðmundssonar, Helga Magnússonar, Páls Braga Kristjónssonar og Þórðar Hafsteins Hilmarssonar.

Lögmaður Björgólfs Guðmundssonar hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hin kærða réttarneitun verði felld úr gildi og lagt fyrir sakadóm að leggja fram í málinu upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar ásamt fylgiskjölum. Þá krefst hann þóknunar fyrir flutning kærumálsins.

Lögmaður Helga Magnússonar hefur sent Hæstarétti greinargerð og krefst þess, að lagt verði fyrir sakadóm Reykjavíkur að leggja fram í málinu svonefnda upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar, dagsetta 8. ágúst 1989, ásamt tveimur heftum af fylgiskjölum. Krafa um sakarkostnað í þessum þætti málsins er ekki gerð nú, en áskilnaður er gerður þar að lútandi.

Lögmaður Páls Braga Kristjónssonar hefur sent Hæstarétti greinargerð, þar sem hann krefst þess, að hin kærða réttarneitun verði felld úr gildi og lagt verði fyrir sakadóm Reykjavíkur að leggja upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar fram í málinu. Þá krefst hann þóknunar fyrir flutning kærumálsins.

Lögmaður Þórðar Hafsteins Hilmarssonar hefur sent Hæstarétti greinargerð og krefst þess, að hrundið verði réttarneitun sakadóms Reykjavíkur 25. september sl. og dóminum dæmt skylt að veita viðtöku og leggja fram upplýsingaskýrslu Ragnars Kjartanssonar ásamt tveimur fylgiskjalabókum. Þá krefst hann málsvarnarlauna í þessum þætti málsins.

Sérstakur ríkissaksóknari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar í tilefni kæru þessarar, sbr. 2. mgr. i.f. 174. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Hann gerir engar formlegar kröfur í kærumáli þessu, en lýsir sig samþykkan þeirri ákvörðun, er sakadómurinn tók ex officio, að synja um framlagningu umræddrar skýrslu.

Um ágreiningsefni það, sem hér er til úrlausnar, var ekki kveðinn upp úrskurður í sakadómi. Í 10. tl. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, er heimiluð kæra á „ákvörðunum“ eins og þeirri, sem sakadómur tók um ágreiningsefnið. Í 1., 3. og

6. - 9. tölulið lagagreinarinnar er hins vegar heimiluð kæra „úrskurða“. Verður af þessu ráðið, að úrskurðar hafi eigi verið þörf um ágreiningsefnið, enda á niðurlagsákvæði 1. mgr. 124. gr. laganna hér eigi við. Kæra ákvörðunar sakadóms er heimil eftir 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Í bókun á dómþinginu 25. september koma fram ástæður fyrir ákvörðuninni.

Mál ákærvaldsins gegn Björgólfi Guðmundssyni o.fl. var fyrst tekið fyrir í sakadómi 17. apríl 1989. Þann dag var þess krafist af hálfu 11 hinna ákærðu, að því yrði vísað frá dómi. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði sakadóms 24. apríl og sá úrskurður staðfestur í Hæstarétti 30. maí.

Á dómþingi sakadóms 24. apríl var bókuð sú ákvörðun dómsins, að yfirheyrslur skyldu að óbreyttu hefjast 25. september.

Verjandi kærands Ragnars Kjartanssonar ritaði sakadómi bréf 5. september og, sendi þrjár „upplýsingaskýrslur“, sem Ragnar hafði tekið saman. Er hin fyrsta dagsett 10. desember 1986, hin næsta ári síðar, en hin þriðja 8. ágúst 1989, og fylgdu henni tvö bindi af fylgiskjöllum. Segir verjandi í bréfinu, að þess sé óskað, að dómurinn sjái til þess, að síðasta skýrslan verði lögð fram sem dómskjal.

Á dómþinginu 25. september ítrekaði verjandi kröfu þessa. Var bókað síðar á þinginu:

„Dómsformaður skýrir frá því, að dómurinn hafi kynnt sér gögn þau, sem krafist er framlagningar á, og tekið þá ákvörðun að neita að leggja þau fram, þar sem líta megir á skýrsluna, eins og hún er úr garði gerð að meginefni til, sem skriflega vörn fyrir ákærða Ragnar, áður en hann eða aðrir ákærðu hafa tjáð sig um efni ákærunnar fyrir dóminum, en það sé andstætt lögum um meðferð opinberra mála, sem geri ekki ráð fyrir slíku fyrr en í lok meðferðar máls.“

Hið umdeilda skjal nefnist, sem fyrr er að vikið, „Upplýsingaskýrsla um rannsóknar- og ákærumeðferð Hafskipsmálsins“. Það er samið af kærandanum Ragnari Kjartanssyni og dagsett 8. ágúst 1989. Skjalinu skiptir höfundur í inngang og 11 tölusetta kafla. Er meginmálið 183 blaðsíður, en að auki eru yfirlit og skrár, alls 11 bls. Fyrirsagnir kaflanna eru þessar:

I. Ákæra vegna reikningsskila.

- II. Milliuppgjör Hafskips hf. pr. 31. ágúst 1984.
- III. Samskipti við Útvegsbanka Íslands, - meint fjársvik í formi þriggja lána.
- IV. Rekstrarátætlanir Hafskips hf. og hluthafafundurinn 9. febrúar 1985.
- V. Tilkynning til hlutafélagaskrár, dags. 20. júní 1985.
- VI. Reykvísk endurtrygging, - meint skilasvik.
- VII. Útvegsbankaákærur brot í opinberu starfi.
- VIII. Var Hafskip hf. gjaldþrota í raun?
- IX. Gjöf, en ekki sala.
- X. Niðurlag.
- XI. Krafa um frávisun.

Meginefni skjalsins er skýringar kærandsans Ragnars á atriðum, sem varða sakarefnið, og er þar um málflutning að ræða. Setur hann fram ýmsar niðurstöður og nefnir atriði, sem hann telur, að rannsaka þurfi. Þegar af þessum ástæðum verður að fallast á það með sakadómi, að skjal þessa efnis verði ekki lagt fram í upphafi dómsmeðferðar máls. Ekki eru efni til að taka nú afstöðu til skjalsins að öðru leyti eða fjalla sérstaklega um þau tvö bindi fylgiskjala, sem send voru sakadómi með því.

Kröfur um sakarkostnað úr ríkissjóði í þessum þætti málsins eru ekki teknar til greina, en ákvörðun um málsvarnarlaun bíður væntanlegs héraðsdóms.

#### D ó m s o r ð:

Ekki er heimilt að leggja nú fram í sakadómi Reykjavíkur ofangreint skjal.

---